

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 142/153**  
**komudagur 1.7.2013**



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akureyri 1. júlí 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar og málefni aldraðra (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir)

Sjálfsbjörg fagnar því að umrætt frumvarp sé komið fram.

Hins vegar er það miður hversu lítilfjórlegt umrætt frumvarp er. Ekki fæst séð að það bæti hag þeirra sem eru á örorkulífeyri neitt sem heitið getur.

Í þeim greinum sem snúa að auknum eftirlitsheimildum vill Sjálfsbjörg lsf benda á eitt atriði. Skrái tveir öryrkjar sig saman í sambúð getur fallið niður réttur á greiðslum bara vegna sambúðarinnar. Sé viðkomandi á strípuðum örorkubótum er um talsverðan tekjumissi að ræða. Ávinningur við að gefa ekki upp sanna hjúskaparstöðu er fyrir hendi og því þarf að breyta. Aukið eftirlit bætir ekki hag öryrkja. Þeir fjármunir sem fara í að auka eftirlit, væru betur nýttir í að leiðrétta kjör öryrkja og gera þeim kleift að vera fjárhagslega sjálfstæðir einstaklingar, óháð sambúðarstöðu.

Landssamband fatlaðra óskar jafnframt eftir að fá að koma á fund háttvirtar velferðarnefndar til að kynna sín sjónarmið frekar.

Virðingarfyllst

f.h Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra.

Bergur Þorri Benjamínsson

Málefnafulltrúi.